

Fréttatilkynning:

Sumartónleikar Listasafns Sigurjóns Ólafssonar 2008

“Almanaksljóð”

Þriðjudaginn 2. september 2008



Gerður Bolladóttir sópran, Pamela De Sensi flauta og Sophie Marie Schoonjans harpa.

Á síðustu sumartónleikunum í Sigurjónssafni flytja Gerður Bolladóttir sópran, Pamela De Sensi flautuleikari og Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari verk eftir Joseph Jongen, Eugène Bozza, Atla Heimi Sveinsson, en meginstoð tónleikanna verður flutningur þeirra á nýsömdu tónverki eftir Önnu S. Þorvaldsdóttur við Almanaksljóð séra Bolla Gústavssonar fyrrverandi vígslubiskups.

Gerður Bolladóttir sópran ólst upp á Laufási við Eyjafjörð. Hún byrjaði ung að syngja í kirkjunni hjá prestinum og biskupnum föður sínum og lauk burtfararprófi í söng undir handleiðslu Sigurðar Demetz Franssonar og stundaði framhaldsnám söng í Bandaríkjunum. Gerður hefur haldið tónleika víðsvegar á Íslandi, Bandaríkjunum, Grænlandi og nú síðast í Færeyjum í júní síðastliðnum. Hún hefur aðallega einbeitt sér að ljóðasöng og kirkjutónlist.

Sophie Marie Schoonjans hörpuleikari hefur leikið með ýmsum hljómsveitum á ferli sínum, m.a. Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Orchestre du Festival de Bruxelles og verið virkur flytjandi kammertónlistar hér á landi og erlendis.

Pamela De Sensi er fædd árið 1975 í Róm en uppalin í Lamezia Terme á suður Ítalíu. Hún hefur komið fram á fjölda tónleika bæði sem einleikari og í kammerhópum víða á tónlistarhátíðum í Evrópu og Ameríku. Hún starfar sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Árnesinga og Kópavogs.

Nánar um séra Bolla og Almanaksljóð:

Séra Bolli Gústavsson prestur í Laufási og síðar vígslubiskup á Hólum er landsþekktur fyrir skrif sín. Árið 1988 sendi Bolli Gústavsson frá sér ljóðabókina *Borðnauta* sem hlaut lof gagnrýnenda á þeim tíma. Í *Borðnautum* er ljóðaflokkur er heitir Almanaksljóð og stiklar á helstu messudögum ársins að fornu með stuttum ljóðrænum lýsingum af náttúru, veðri og bústörfum í Laufási – oft með trúarlega vísun.

Anna S. Þorvaldsdóttir tónskáld er fædd árið 1977 en hefur samið yfir 40 verk af ýmsum toga. Hún stundar nú framhaldsnám við University of California í San Diego.

Hægt að hafa samband við Gerði Bolladóttur í síma 895 0086 vegna viðtals og myndatöku.

Prentaða ljósmynd af tónlistarfólkinu er að finna hér <http://www.iso.is/tonl/08-09-02-Alm.jpg>

Ábyrgðarmaður fréttatilkynningar: Steinunn Þórhallsdóttir, Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
Sími 553 2906, www.iso.is